

Flóttafólk

María Ólafsdóttir

heimilislæknir,
Heilsugæslunni Árbæ

sendifulltrúi Rauða Kross
Íslands



maria2@simnet.is

Fyrri hluta þessa árs fór ég á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins til Íraks, til Dohuk-borgar í Kúrdistan, til að setja upp og leiða heilsugæsluþjónustu fyrir flóttamenn sem flúðu vopnuð átök kringum Sinjarfjall og Mósulborg hálfu ári fyrr. Styðja átti við heilbrigðisþjónustu sem fyrir var í héraðinu.

Flóttafólkið bjó þröngt í hálfbyggðum húsum og minni tjöldum í smáorpum utan við stórborgina. Þjónustan var veitt utanhúss í námunda við hýbýlin og starfsfólkið, læknar, lyfjafræðingar og aðstoðarfólk, voru sjálf flóttamenn í eigin landi frá ofanefndum svæðum sem eru í 50-100 km fjarlægð frá Dohuk.

Reynsla mín af þessu verkefni var margþætt. Ein var að starfa með fólki sem var samtímis að vinna úr því áfalli að flýja heimili sín, stundum eftir að hafa séð vini og ættingja aflífaða, pyntaða og rænda. Sjá ungum stúlkum nauðgað og rænt og vita af þeim í ánaud. Fólkið þeirra týnt eða í fangelsum. Veraldlegar eigur horfnar hjá flestum. Margir áttu fyrir stórra fjölskyldu að sjá, bæði eldri og yngri kynslóðum. Sumir eru betur settir menntunar- og fjárhagslega en sjá enga framtíð í eigin landi vegna hættu á fordæmingu vegna trúar. Það ástand sem ríkir grefur undan trausti, skipar íbúum í fylkingar og skapar hættu á þjóðarmorði eins og reyndin er. Eftir því sem tíminn líður, minnkar vonin um að geta komist heim á ný. Þetta duglega starfsfólk sem var að vinna úr eigin áföllum, var svo tilbúið og þakklátt að fá tækifæri til að styðja flóttamenn sem var enn verr státt.

Skjólstæðingar okkar voru búin að vera meira en 6 mánuði frá heimilum sínum og sáu enga lausn í sjónmáli, helst að það myndi smám saman flytjast í stærri tjaldbúðir með þeim kostum og ókostum sem því fylgja. Verkefni dags þeirra voru að sækja matargjafir, teppi og olíuhitara. Þvo þvotta. Lítil sem engin vinna, enginn skóli. Léleg fót, skór og fáir sokkar. Stundum komu fatasendingar, til dæmis ein sem var augljóslega frá Norðmönnum þar sem sumir krakkanna fengu útprjónaðar norsk-ar peysur.

Þegar við komum í heimsókn vorum við frétt dagsins og fylgst vel með því sem fram fór.

Veikindi flóttafólksins endurspegluðu ástandið; svefnleysi, húðþurrkur, kláði og exem. Sviði í nefi og hálsi, hósti, kvef og staðbundnar sýkingar. Stoðkerfisverkir. Ekki var talað um kvíða né þunglyndi nema í mjög alvarlegum tilvikum. Hreinlætisaðstaða var afar bágborin.

Flóttafólkið í Kúrdistan sveltur ekki, matargjafir eru reglulegar. Aðgengi og vegir eru með eðlilegum hætti og kúrdísk heilbrigðisstjórnvöld reyna að hafa gott skipulag á þjónustu með hjálp fjölda hjálparstofnana víðsvegar að úr heiminum.

Að vinna fyrir Alþjóðaráðið krefst þess að viðkomandi sýni algert hlutleysi, taki ekki þátt í umræðum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði. Óhlutdrægni ráðsins fjallar svo um að við reynum að lina þjáningar og í forgangi eru þeir sem eru verst staddir, án tillits til þjóðernis þeirra, uppruna, trúarbragða, kyns, stéttar eða stjórnmálaskoðana. Það er mikið öryggi og einfaldara að hafa þetta að leiðarljósi í hversdeginum en auðvitað reynir fólk að skilja hver þróunin er í stríðsátökunum og hreyfingin fylgist oft mjög náíð með samningaviðræðum, minnir á og upplýsir hvað Genfarsáttmálinn¹ þýðir fyrir óbreytta borgara og fanga í stríði.

Við ásamt öðrum 190 þjóðum erum aðilar að þessum sáttmála. Því erum við fyrir löngu búin að samþykkja að hjálpa og vernda flóttafólk og hælisleitendur.

Samþykkt hefur nú verið að taka á móti 100 flóttamönnum frá Sýrlandi á komandi ári. Sambærilegt við önnur Evrópulönd væri talan 500 og ef miðað er við Danmörk og Svíþjóð væri hún 1200 á ári.

Töluverð mótstaða og ótti kemur upp í umræðunni um að taka við flóttafólki á Íslandi. Við þurfum að ræða það vel og heiðarlega. Hvað erum við hrædd við? Óttinn er kannski margþættur en óæskileg áhrif á íslenskt samfélag ber hæst – að fólk frá framandi löndum aðlagi sig ekki lýðræðisvelferðarsamfélagi, með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir. Við höfum mörg góð dæmi þar sem flóttamenn hafa aðlagast vel og auðgað samfélagið okkar. Mikið er af frábæru fagfólki sem hefur reynslu og þekkingu til að vel takist til. Vöndum okkur og vinnum eftir þeim góðu gildum sem við höfum valið okkur.² Kannski njótum við öll góðs af því að skerpa á þessum gildum, að vera heiðarleg og ábyrg gerða okkar, sýna öðrum mannúð, réttlæti og virðingu.

Að mörgu leyti held ég að erfiðast sé að reyna að skilja og gangast við hvernig mannskepnan getur sýnt af sér þvílíka grimmd sem við erum vitni að nú og áður í stríðsátökum og þjóðarmorðum. Við þurfum að ástunda manngæsku til að vege upp á móti þessari illsku sem getur vaxið og gróið innra með okkur. Að verða öðrum að liði, gera öðrum gott og sýna samliðan er forsenda vellíðunar og hamingju okkar. Mér finnst ágætt að rifja það upp á gráum mánudagsmorgni að við læknar erum í lykilaðstöðu til að gera það.

Hreimildir

- raudikrossinn.is/page/rki_umokkur_genfarsamningar
- thjodfundur2010.is/

Meeting refugees

María Ólafsdóttir MD, PhD
General Practitioner
International Delegate for
The Icelandic Red Cross and ICRC